

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn

1. gr.

Flokkun dómara

- 1.1. Knattspyrnudómurum skal skipað í eftirfarandi þrjá flokka eftir kunnáttu og reynslu:
- a) unglíngadómarar,
 - b) héraðsdómarar,
 - c) landsdómarar.
- Dómaranefnd KSÍ tekur ákvörðun um færslu dómara á milli flokka.

2. gr.

Unglíngadómarar

- 2.1. Til þess að hljóta réttindi sem unglíngadóvari þarf dómaraefnið að verða 15 ára á árinu og hafa sótt sérstakt námskeið fyrir unglíngadóvara á vegum dómaranefndar KSÍ. Námskeið fyrir unglíngadóvara skulu haldin að minnsta kosti þrisvar sinnum á ári.
- 2.2. Unglíngadóvari hefur rétt til að dæma leiki í 4. aldursflokkum og yngri aldursflokkum, nema í úrslitakeppnum landsmóta, og hefur rétt til að starfa sem aðstoðardóvari í 2. aldursflokkum og yngri aldursflokkum. Unglíngadóvari má einnig dæma alla leiki í keppni 7 manna liða, nema í úrslitakeppnum landsmóta.

3. gr.

Héraðsdómarar

- 3.1. Héraðsdóvari getur hver sá orðið, sem starfað hefur sem unglíngadóvari síðastliðið ár og lokið að minnsta kosti 20 störfum og einnig lokið námskeiði fyrir héraðsdómara á vegum dómaranefndar KSÍ. Nefndinni er heimilt að meta kunnáttu og reynslu unglíngadóvara og veita honum réttindi sem héraðsdóvari án þess að hann hafi lokið sérstöku námskeiði fyrir héraðsdómara.
- 3.2. Héraðsdóvari hefur rétt til að dæma alla leiki nema:
- leiki í Pepsi-deildum karla og kvenna og í 1. og 2. deild karla,
 - leiki í meistarakeppni KSÍ,
 - úrslitaleiki í landsmótum, þar með talið úrslitakeppni 3. deildar karla og 1. deildar kvenna,
 - leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla (aðalkeppni) og bikarkeppni meistaraflokks kvenna (aðalkeppni),
 - leiki við erlend lið í 1. aldursflokkum.
- 3.3. Dómaranefnd KSÍ getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar sérstaklega stendur á.
- 3.4. Héraðsdóvari hefur einnig rétt til að starfa sem aðstoðardóvari í öllum aldursflokkum.

4. gr.

Landsdómarar

- 4.1. Landsdóvari getur hver sá orðið, sem tilnefndur er af dómaranefnd KSÍ, hefur starfað sem héraðsdóvari síðastliðin 2 ár og sannar hæfni sína í verki með því að dæma að minnsta kosti 1 leik að viðstöddum fulltrúa dómaranefndar KSÍ.
- 4.2. Dómaranefnd KSÍ velur árlega deildardómara úr hópi landsdómara og skulu þeir einir dæma leiki í Pepsi-deild, 1. og 2. deild karla, Pepsi-deild kvenna, Meistarakeppni KSÍ, bikarkeppnum meistaraflokka karla (aðalkeppni) og kvenna (frá og með 8 liða úrslitum) og úrslitaleiki í landsmótum og bikarkeppnum KSÍ.

- 4.3. Deildardómurum skal skipt í eftirfarandi þrjá flokka:
- Landsdómarar A
Landsdómarar í A-flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma alla leiki í Pepsi-deild karla og alla leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu.
- Landsdómarar B
Landsdómarar í B flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ, nema leiki í Pepsi-deild karla og leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu ásamt öðrum störfum dæma meginhluta leikja í 1. deild karla. Þeir skulu annast að minnsta kosti 25 störf á keppnistímabilinu.
- Landsdómarar C
Landsdómarar í C flokki hafa rétt til að dæma alla leiki í mótum á vegum KSÍ, nema leiki í Pepsi-deild og 1. deild karla og leiki í bikarkeppni meistaraflokks karla frá og með 8 liða úrslitum. Þeir skulu dæma meginhluta leikja í 2. deild karla og Pepsi-deild kvenna, auk leikja í 3. deild karla ásamt öðrum störfum. Þeir skulu annast að minnsta kosti 20 störf á keppnistímabilinu.
- 4.4. Dómaranefnd velur einnig sérhæfða aðstoðardómara úr hópi landsdómara. Þeir skulu starfa oftast sem aðstoðardómarar en sem dómarar og skulu flokkaðir sem landsdómarar A, B og C. Þeir hafa einnig rétt til að dæma alla leiki nema í Pepsi-deild og 1. deild karla.
- 4.5. Landsdómarar í flokki A, B og C (deildardómarar) skulu gangast undir og standast skriflegt próf í dómarafræðum og sérstakt þolpróf dómaranefndar KSÍ. Þolpróf felur í sér eftirfarandi hlaup í þessari röð:
6 sinnum 40 m sprettir,
20 sinnum 150 m hlaup.
Dómarar skulu standast eftirfarandi kröfur FIFA fyrir landsdómara:
hver 40 m sprettur: hámarkstími 6,4 s (dómarar) og 6,2 s (aðstoðardómarar),
hvert 150 m hlaup: hámarkstími 30 s, hvíld milli hlaupa 40 s (dómarar) og 45 s (aðstoðardómarar).
- 4.6. Milliríkjadómarar skulu standast kröfur FIFA fyrir milliríkjadómara. Dómaranefnd KSÍ er heimilt að auka kröfur til landsdómara A til samræmis við þær kröfur FIFA.
- 4.7. Starfstíma deildardómara lýkur ekki síðar en í lok þess árs, sem hann verður fimmtugur.

5. gr.

Virkir dómarar

- 5.1. Aðeins virkir dómarar skulu dæma leiki, er fram fara á vegum aðila innan KSÍ.
- 5.2. Virkir dómarar teljast þeir sem starfað hafa við að minnsta kosti 15 leiki á síðastliðnu ári eða við 20 leiki á síðastliðnum tveimur árum á vegum aðila innan KSÍ. Leikir í hraðmótum félaga og í innanhússmótum eru metnir sérstaklega. Aðildarfélög KSÍ skrá leiki dómara í mótum KSÍ í mótakerfi sambandsins, en dómarar skulu sjálfir halda skrá um aðra leiki sína.
- 5.3. Óski dómari, sem ekki getur talist virkur samkvæmt fyrrgreindu ákvæði, eftir að öðlast dómara réttindi á ný, skal hann og/eða félag hans senda dómaranefnd KSÍ beiðni þar um. Nefndin tekur síðan ákvörðun um hvort og hvers konar réttindi veitast á ný.
- 5.4. Virkir dómarar skulu hafa ókeypis aðgang að öllum knattspyrnuleikjum hvar sem er á landinu enda beri þeir skírteini útgefið af skrifstofu KSÍ, samkvæmt reglugerð KSÍ um aðgönguskírteini.

6. gr.

Kennarar í knattspyrnudómarafraeðum

- 6.1. Til þess að dómari geti orðið kennari í knattspyrnudómarafraeðum þarf hann að hafa hlotið til þess menntun og reynslu sem viðurkennd er af dómara nefnd KSÍ og staðfest af stjórn KSÍ.

7. gr.

Svipting dómara réttinda

- 7.1. Framkvæmdastjóri KSÍ getur meinað dómara að starfa á leikjum á vegum KSÍ tímabundið, ef dómari hefur brotið alvarlega af sér í starfi eða veldur ekki starfi sínu ítrekað. Ef gripið er til þessa úrræðis, skal dómara nefnd KSÍ taka málið fyrir á næsta fundi sínum eða eins fljótt og auðið er samkvæmt kröfu. Nefndin skal þar taka málið til skoðunar og ákveða um framhald þess. Nefndin getur fellt niður ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ eða ákveðið málsmeðferð skv. 7.2.
- 7.2. Verði dómara á alvarleg mistök í starfi eða hann gerist sekur um ámælisverða framkomu eða mál fer skv. grein 7.1. skal dómara nefnd KSÍ senda aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skriflega greinargerð um málið sem tekur málið til meðferðar skv. reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og beitt viðurlögum skv. henni. Jafnframt getur aga- og úrskurðarnefnd KSÍ svipt dómara réttindum að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

Eftirlitsmenn

- 8.1. Dómara nefnd KSÍ tilnefnir eftirlitsmenn dómara á leiki í meistaraflokkum karla og kvenna þegar ástæða er talin til, svo og á aðra þá leiki sem dómara nefnd kann að ákveða.
- 8.2. Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með og gefa skýrslu um frammistöðu dómara og aðstoðardómara. Skýrslur eftirlitsmanna skulu gerðar á sérstöku eyðublaði, sem dómara nefnd útbýr og leggur til, og skal útfylling og frágangur vera skv. leiðbeiningum nefndarinnar. Eftirlitsmenn skulu senda skýrslur sínar með tölvupósti til skrifstofu KSÍ innan sólarhrings frá því að leik lýkur.
- 8.3. Stjórn og mótanefnd KSÍ geta aukið verksvið eftirlitsmanna og falið þeim að fylgjast með framkvæmd leiks (leikvöllur, aðbúnaður, öryggismál o.fl.) og gefa skýrslu um framkvæmdina og skýrslu um háttvísimat þar sem við á.

9. gr.

Gildistaka

- 9.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein. Við gildistöku hennar fellur úr gildi reglugerð KSÍ um knattspyrnudóma.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007